

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi á lóðinni Silfurtorg 2, Ísafirði, Ísafjarðarbæ.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar að Silfurtorgi 2, Ísafirði. Breytingin felur í sér að byggingarreitur er stækkaður um 3 metra í átt að Silfurtorgi.

Deiliskipulagsbreyting þessi hefur hlotið meðferð í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Ísafirði, 26. september 2003.*

**Stefán Brynjólfsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Borgarfjarðar eystri 1981-2001, aðkoma að tjaldstæði.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 6. október 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Borgarfjarðar eystri 1981-2001 frá 16. apríl 1982.

Breytingin felst í því að lega fyrirhugaðs tengivegar sunnan byggðar frá vegi inn í dal, Hólavegi nr. 916 austan og sunnan kirkju, á Desjarmýrarveg nr. 917, breytist. Einnig breytist afmörkun tjaldsvæðis (opins svæðis til sérstakra nota). Fyrsti áfangi nýs vegar verður aðalaðkomuleið að núverandi tjaldsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki hreppsnefndar Borgarfjarðarhrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 6. október 2003.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*